

# 369. fundur Skólanefndar FS

## 11. september 2024



**Mættir:** Bjarni Páll Tryggvason, Ásrún Helga Kristinsdóttir, Halldór Rósmundur Guðjónsson, Halldóra Fríða Þorvaldsdóttir, Gunnar Valdimarsson áheyrnarfulltrúi kennara, Hermann Borgar Jakobsson áheyrnarfulltrúi nemenda, Guðný Birna Guðmundsdóttir áheyrnarfulltrúi foreldra og Kristján Ásmundsson skólameistari.

Formaður setti fund og síðan var gengið til dagskrár.

- Dagskrá:**
1. Staðan við upphaf annar og breytingar.
  2. Dagskrá NFS.
  3. Önnur mál.

### 1. Staðan við upphaf annar og breytingar.

Skólameistari sagði frá stöðunni við upphaf haustannar. Nemendur eru alls um 1300; 1.025 í dagskóla, 123 grunnskólanemendur taka einstaka áfanga og 145 í síðdegisnámi. Skólameistari sagði frá nýju starfsfólk og breytingum á starfsmannahaldi. Starfsmanni var bætt við í mótneyti en hann sér einnig um að taka til í sal. Hækka þurfti verð í mótneyti vegna verðhækkana en fjöldi þeirra sem kaupa mat hefur verið að aukast. Starfsemi Fab Lab er í fullum gangi og þar er framundan ráðstefna um gervigreind og nýsköpun. Í haust hófst kennsla á brautum sem komu frá Keili og síðdegis er kennsla í verknámi og meistaránámi. Enn er óljóst hvað verður um nám í fótaaðgerðafræði sem hefur farið fram í Keili. Áður en kennsla hófst var gerð öryggisúttekt í skólanum, einkum á kennsluaðstöðu í verknámi og var niðurstaðan almennt jákvæð. Öryggisnefnd skólans er að skoða það sem bent var á að þyrfti að laga. Skólameistari sagði einnig frá stöðu mála varðandi viðbyggingu en það er enn í viinsslu í ráðuneytum. Enn er rætt um stærð byggingarinnar og sagðist skólameistari í því sambandi hafa bent á að íbúum á svæðinu fjölgar hratt og ljóst er að nemendum mun fjölgja mikið næstu árin. Skólameistari kynnti síðan stöðu skólans í fjárlagafrumvarpi sem verið var að leggja fram. Ígildum fjölgar um 40 en skólinn fær þó minna á hvern nemanda en flestir verk- og starfsnámskólar. Almennt rætt um fjármál og fjárveitingar til skólans. Rætt hvort skólinn geti boðið upp á fjarnám til að efla starfsemi hans og ná til fleiri nemenda, t.d. þeirra sem treysta sér ekki til að stunda nám í skóla.

### 2. Dagskrá NFS.

Hermann Borgar formaður nemendafélagsins NFS sagði frá starfsemi félagsins og dagskránni í vetrur. Nýnemavika var í upphafi annar og framundan er nýnemaball, útvarpsvika, íþróttaviðburðir o.fl. Undirbúniningur fyrir Morfís og Gettu betur er að hefjast og stefnt er að samstarfi við Leikfélag Keflavíkur um leiksýningu. Þá er verið að skoða að bjóða upp á öðruvísi viðburði til að ná til nemenda sem eru ekki virkir í félagslífini. Foreldrafélagið hefur stutt við bakið á nemendafélagini og sagði Guðný Birna markmiðið að halda því áfram.

HB HF GV KÁSUN

### 3. Önnur mál.

- a) Halldóra Fríða spurði um lengd skóladags nemenda á starfsbraut. Skólameistari sagði frá því að skóladagur nemenda á starfsbraut er mislangur og er miðaður við aðstæður og getu hvers nemanda.
- b) Ásrún spurði um bekkjakerfi fyrir nýnema og hvernig fyrrkomulagið væri á því. Skólameistari svaraði því til að nýnemar verða saman í bekkjum á haustönn en dreifast svo í áfanga á vorönn en síðasta veturn voru nýnemar í bekkjum allt skólaárið. Þessu var rétt breytt eftir úttekt á bekkjakerfinu síðasta vor en þar var reynslan af skipulaginu könnuð meðal nemenda og kennara.


Fleira ekki gert og fundi slitið.



Bjarni Páll Tryggvason, formaður




Ásrún Helga Kristinsdóttir




Halldór Rósmundur Guðjónsson



Halldóra Fríða Þorvaldsdóttir



Gunnar Valdimarsson




Hermann Borgar Jakobsson

Guðný Birna Guðmundsdóttir



Kristján Ásmundsson, skólameistari



Guðmann Kristþórsson, fundarritari